



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS Í BÚLGARÍU LANDSLEIKUR Í KNATTSPYRNU – VIÐSKIPTI – FORVARNIR Í BARÁTTU VIÐ FÍKNIEFNI

Forseti Búlgaríu Georgi Parvanov hefur boðið forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni að heimsækja Búlgaríu og vera viðstaddur landsleik Íslendinga og Búlgara í knattspyrnu, eiga viðræður við ráðamenn í tengslum við sókn íslenskra fyrirtækja í landinu og kynna sér forvarnir gegn fíkniefnum, en forseti Íslands er verndari evrópsks samstarfsverkefnis á þeim vettvangi.

Heimsóknin til Búlgaríu hefst í fyrramálið, miðvikudaginn 6. september, með heimsóknum í höfuðstöðvar fyrirtækja sem átt hafa samstarf við íslenska aðila. Eftir skoðunarferð í Alexander Nevski kirkjuna í miðborg Sofíu heldur forsetinn til fundar við Georgi Parvanov forseta Búlgaríu. Fundur þeirra hefst kl. 11 að staðartíma, 8 að íslenskum tíma. Í kjölfar viðræðufundar forsetanna býður forseti Búlgaríu til hádegisverðar. Síðdegis mun forseti Íslands m.a. hitta nýjan forsætisráðherra Búlgaríu, Sergei Stanishev. Landsleikur Íslands og Búlgaríu hefst síðan kl. 19 að staðartíma, 16 að íslenskum tíma.

Að morgni fimmtudagsins 8. september heimsækir forseti Íslands höfuðstöðvar þjóðarstofnunar Búlgara í baráttu gegn fíkniefnum. Þar mun forseti eiga viðræður við forsvarsmenn stofnunarinnar og fræðast um viðhorf og áherslur Búlgara glímunnar við fíkniefnavandann. ECAD, samband evrópskra borga í baráttu við fíkniefni, sem Reykjavíkurborg er aðili að, hefur nýverið hleypt af stokkum fimm ára samstarfsverkefni: Youth in Europe: A Drug Prevention Programme, þar sem byggt verður á reynslu Reykjavíkurborgar og félagslegum rannsóknum sem gerðar hafa verið hérlandis á högum barna og ungmenna. Sofía og fleiri búlgarskar borgir taka þátt í verkefninu og forseti Íslands er verndari þess.

Eftir kynningarfund um baráttu Búlgara við fíkniefnavanda heldur forseti Íslands í listasafn sem kennt er við Stavri Kalinov. Í hádeginu ræðir forseti við búlgarska blaðamenn og mun einnig eiga viðræður síðdegis um frekari sókn íslenskra fyrirtækja í Búlgaríu.

Heimsókn forseta til Búlgaríu lýkur síðdegis fimmtudaginn 8. september.

6. september 2005

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028)